

Stjórnarháttayfirlýsing

Sparisjóður Suður-Pingeyinga er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum um fjármálaufyrirtæki nr. 161/2002 og stundar sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum.

Sparisjóðurinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja með vísan til 54.gr. laga 161/2002, um fjármálaufyrirtæki. Leiðbeiningar um stjórnarhætti eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, nú í 6. útgáfu frá 2021. Leiðbeiningarnar má finna [hér](#). Stjórnarhættir Sparisjóðs Suður-Pingeyinga ses, byggjast einnig á samþykktum sparisjóðsins [sem eru á heimssíðu sjóðsins](#).

Sparisjóðurinn víkur frá hluta leiðbeininga um stjórnarhætti þar sem hann hefur ekki sett sérstaka stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn eða æðstu stjórnendur.

Seðlabanki Íslands, fjármálaeftirlit hefur eftirlit með starfsemi sparisjóðsins eins og kveðið er um í lögum um fjármálaufyrirtæki. Yfirlit um viðkomandi lög, reglur og viðmiðanir um starfsemi sparisjóða má nálgast á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra eru aðgengilegar á heimasíðu sparisjóðsins [hér](#).

Stjórn sparisjóðsins

Stjórn sparisjóðsins er skipuð fimm einstaklingum sem kosnir eru á árlegum aðalfundi sparisjóðsins ásamt tveimur varamönnum. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði skv. 52.gr. laga nr. 161/2002.

Stjórn kýs sér formann og varaformann. Í upphafi starfsárs leggur stjórn fram starfsáætlun fyrir árið og samþykkir hana. Samkvæmt henni eru stjórnarfundir haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði eða oftar telji stjórn ástæðu til.

Sparisjóðsstjórn fer með málefni sparisjóðsins og skal hún annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og tryggja að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna sparisjóðsins. Ennfremur hefur hún með höndum almennt eftirlit með rekstri hans og tekur ákvarðanir tengdar rekstri sjóðsins, sem telja verður meiriháttar. Stjórnin skal ráða sparisjóðsstjóra og setja honum erindisbréf. Stjórnin skal setja reglur um mörk lánaheimilda sparisjóðsstjóra sem og reglur varðandi ákvarðanir um fjárfestingar sbr. gildandi lög um fjármálaufyrirtæki.

Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins er stjórnarfundur því aðeins lögmætur að a.m.k. þrír stjórnarmenn sitji hann. Stjórnarfundir á starfsárinu 2023-2024 voru 14 talsins og var stjórn ákvörðunarbaer á þeim öllum.

Stjórn sjóðsins hefur sett sér starfsreglur skv. 54.gr. laganna. Starfsreglurnar taka m.a. til framkvæmdar starfa stjórnar, ábyrgðar hennar og verkaskiptingar stjórnar og sparisjóðsstjóra. Starfsreglurnar er að finna [hér](#).

Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu sparisjóðsstjóra. Stjórn skal yfirfara og meta þróun sparisjóðsins og hvort hún sé í samræmi við markmið sjóðsins. Stjórnin skal leita leiða til að bæta úr verklagi í samræmi við niðurstöðu matsins. Árangursmat stjórnar var framkvæmt á árinu og fylgni var til staðar við þau viðmið sem lögð eru til grundvallar.

Ef upp koma tilvik þar sem tiltekinn stjórnarmaður uppfyllir ekki skilyrði um óhæði er séð til þess að viðkomandi stjórnarmaður taki ekki þátt í umræðum né ákvarðanatöku um viðskiptaerindi tengdra aðila.

Upplýsingar um stjórnarmenn

Andri Björgvin Arnþórsson er fæddur 3.3.1981, til heimilis á Selfossi. Andri var kjörinn í stjórn sparisjóðsins á aðalfundi 2023. Andri er með BS í viðskiptalögfræði frá Háskólanum á Bifröst og með ML, framhaldsnám í lögfræði frá sama skóla. Andri er lögmaður á Lögvernd, lögmannsstofu og formaður ferðatryggingasjóðs. Fyrri störf eru m.a. kosningastjóri fyrir stjórnmalaflokka fyrir sveitarstjórnar- og alþingiskosningar, aðstoðarkennari, verkefnastjóri, verslunarstjóri ofl.

Andri var formaður starfshóps um endurskoðun húsaleigulaga, sat í varastjórn Byggðastofnunar og fulltrúaráði Háskólans á Bifrost.

Andri er óháður sparisjóðnum og stórum stofnfjárhöfum.

Elísabet Gunnarsdóttir er fædd 16.05.1979 og er búsett á Tjörnesi. Hún er með BS í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og MS í fjármálum fyrirtækja frá Háskóla Íslands. Elísabet er með hundabjálfarapróf frá Vores Hundecenter í Danmörku og Reiðmanninn I og II frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Elísabet er fjármálastjóri Framsýnar, stéttarfélags. Áður starfaði hún sem aðalbókari hjá Norðursiglingu hf, sérfræðingur hjá ENOR og PWC, hafði umsjón með daglegum rekstri Orkuveitu Húsavíkur svo eitthvað sé nefnt.

Elísabet var varamaður í stjórn sparisjóðsins 2019-2020 og hefur sinnt ýmsum stjórnar- og félagsstörfum.

Elísabet er óháð sparisjóðnum en ekki stórum stofnfjárhöfum.

Eiríkur Haukur Hauksson er fæddur 31.07.1973 og er búsettur í Svalbarðsstrandarhreppi. Eiríkur er með BS í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands auk ýmissra námskeiða. Eiríkur er framkvæmdastjóri Búfesti hsf. og gegnir jafnframt stjórnarfórmennsku hjá KEA svf. Hann er í stjórnnum Norlandair, SÍSP, Bjarnargerði ehf., Byggingarfélagsins Naustaborgar ehf., Vööldum ehf. og Veigastöðum ehf. Eiríkur var sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps 2014-2018 og sat í sveitarstjórn frá 2010-2014. Hann var framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar 2011-2014.

Eiríkur er óháður sparisjóðnum en ekki stórum stofnfjárhöfum.

Sigríður Jóhannesdóttir er fædd 3. október 1978 og er búsett á Gunnarsstöðum í Þistilfirði. Hún er með bs 120 í búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Sigríður er sjálfstætt starfandi en hún rekur ásamt manninum sínum sauðfjárbú á Gunnarsstöðum auk þess að reka sápu- og kertagerð. Áður starfaði Sigríður við ýmis rekstrar og stjórnunartengd störf s.s. framkvæmdarstjóri ráðgjafamiðstöðvar, við rekstrarráðejöf í landbúnaði, skrifstofustjóri Langanesbyggðar, rekstrarstjóri dvalar- og hjúkrunarheimilis og formaður og framkvæmdarstjóri Verkalýðsfélags Þórshafnar. Sigríður sat í stjórn Byggðastofnunar 2014-2021. Þá sat hún í stjórn sparisjóðsins 2022-2023. Einnig hefur Sigríður sinnt ýmsum stjórnunar- og félagsstörfum í gegnum árin.

Sigríður er óháð sparisjóðnum og stórum stofnfjárhöfum.

Margrét Hólm Valdsdóttir er fædd 10. júní 1967 og er búsett á Laugum í Reykjadal. Margrét er með B.S. í viðskiptafræði og iðnrekstrarfræði frá Háskólanum á Akureyri ásamt diploma í ferðamálafræði frá Háskólanum á Hólum. Hefur einnig sótt fjölmög námskeið er varða fjármál og rekstur auk þess sem hún er viðurkenndur stjórnarmaður.

Margrét er sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Þingeyjarsveitar. Margrét var sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga frá 1999 til áramóta 2005-2006 og var fyrst kjörin í stjórn sparisjóðsins 2008 og gegndi stöðu varaformanns stjórnar til vors 2014. Var aftur kjörin í stjórn sparisjóðsins 2016 – 2017 en sagði sig úr stjórn það ár þar sem hún tók við stöðu útibússtjóra Íslandsbanka sem hún gegndi til hausts 2023. Sat í varastjórn Sparisjóðabanka Íslands frá 2002 – 2006 og í stjórn Rekstrarfélags sparisjóðanna frá 2004 -2005. Margrét var skrifstofustjóri og markaðstjóri Hótels Reynihlíðar á árunum 2009 – 2013, hótelsonstjóri Hótels Laxár 2013 – 2015 og skrifstofustjóri Norðurþings 2015 – 2017. Margrét hefur mikla reynslu af stjórnarsetu og hefur gegnt störfum stjórnarfórmanns í mörgum stjórnnum ásamt því að hafa gegnt stöðu oddvita Skútustaðahrepps 2006-2010.

Margrét er ekki óháð sparisjóðnum né stórum stofnfjárhöfum.

Undirnefndir stjórnar

Undirnefnd stjórnar sparisjóðsins eru Endurskoðunar- og áhættunefnd.

Endurskoðunarnefnd starfar skv. 108 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem kveðið er á um að einingar tengdar almannahagsmunum skuli hafa endurskoðunarnefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum.

Áhættunefnd starfar skv. 78. gr. laga nr. 161/2002. þar sem kveðið er á um að fjármálafyrirtæki skuli starfrækja áhættunefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum.

Stjórn sparisjóðsins hefur skv. heimild í 4. mgr. 78. gr. laga nr. 161/2002, sameinað störf endurskoðunar- og áhættunefndar, sbr. einnig IX kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn sparisjóðsins skipar nefndarmenn, tvo stjórnarmenn og einn utanaðkomandi aðila sem hefur sérþekkingu á sviði reikningshalds og endurskoðunar. Utanaðkomandi nefndarmenn eru skipaður á aðalfundi sjóðsins. Meirihluti nefndarmanna skal jafnframta vera óháður sjóðnum

Endurskoðun- og áhættunefnd hélt 9 fundi á starfsárinu 2023-2024. Einu sinni á ári skilar nefndin til stjórnar sjóðsins yfirliti yfir störf sín. Erindisbréf sameinaðar nefndar má finna á heimasíðu sparisjóðsins [hér](#).

Skipan Endurskoðunar- og áhættunefndar starfsárið 2024-2025

Knútur Þórhallsson, formaður er fæddur 23.04.1965 og er til heimilis í Garðabæ. Hann er með viðskiptafræðipróf Cand. Oecon frá HÍ og er löggiltur endurskoðandi. Knútur starfaði sem ráðgjafi og endurskoðandi hjá Löggiltum endurskoðendum hf, síðar Deloitte ehf frá árinu 1987 og hjá Avant endurskoðun ehf frá árinu 2020. Knútur hefur verið stundakennari við Endurmenntun HÍ í bókhaldi og reikningsskilum auk kennslu í skattskilum hjá NTV. Hann hefur verið formaður endurskoðunar- og áhættunefndar sparisjóðsins frá 2021.

Knútur er óháður sparisjóðnum og stórum stofnfjárhöfum.

Aðrir nefndarmenn:

Elísabet Gunnarsdóttir, aðalmaður

Sigríður Jóhannesdóttir, aðalmaður

Aðalfundur sparisjóðsins ákveður árlega starfskjarastefnu sjóðsins að fengnum tillögum tilnefninganefndar. Starfskjarastefnu sparisjóðsins má finna [hér](#).

Tilnefningarnefnd

Með vísan í 25. grein samþykkta sparisjóðsins starfar tilnefningarnefnd til undirbúnings stjórnarkjöri. Tilnefningarnefnd skal skipuð tveimur einstaklingum völdum af aðalfundi og skal kjörtímabil þeirra vera tvö ár og lýkur á á víxl. Starfsreglur tilnefningarnefndar og breytingar á þeim eru samþykktar af aðalfundi.

Nefndarmenn skulu vera óháðir viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Jafnframta skulu þeir vera óháðir þeim sem fara með yfrráð yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Um óhæði nefndarmanna fer samkvæmt 2. gr. starfsreglna nefndarinnar sem er að finna á heimasíðu sparisjóðsins.

Starfsreglur tilnefninganefndar

Hlutverk tilnefningarnefndar er að leita eftir framboðum til stjórnar og varastjórnar, meta hæfi frambjóðenda og mögulega samsetningu stjórnar. Tilnefningarnefnd skal í síðasta lagi fjórum dögum fyrir aðalfund gera skriflega grein fyrir störfum sínum og rökstyðja tillögur sínar. Skal sú skyrsla aðgengileg stofnfjáreigendum í síðasta lagi tveim dögum fyrir aðalfund. Ennfremur gerir tilnefningarnefnd tillögur um starfskjör stjórnar. Starfsreglur tilnefningarnefndar og breytingar á þeim eru samþykktar af aðalfundi.

Skipan tilnefningarnefndar starfsárið 2024-2025:

- Ari Teitsson
- Hjörðís Stefánsdóttir

Sparisjóðsstjóri og lýsing á helstu skyldum hans

Sparisjóðsstjóri er Örn Armar Óskarsson f. 1970. Hann tók við stöðu sparisjóðsstjóra í ágúst 2022. Örn er ekki stofnfjáraðili í sparisjóðnum og við hann hafa ekki verið gerðir kaupréttarsamningar. Örn hefur starfað á fjármálamarkaði nánast óslitið frá árinu 2000, m.a. sem viðskiptastjóri fyrirtækja hjá Íslandsbanka og Landsbankanum, sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlendinga og sem útibússtjóri hjá Byr Sparisjóði.

Örn er með rekstrarfræðimenntun frá Háskólanum á Akureyri (1994) en auk þess hefur hann setið fjölda námskeiða sem snúa að starfsemi fjármálafyrirtækja og þjónustu þeirra við viðskiptavini.

Sparisjóðsstjóri sem uppfylla skal hæfnisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002 og vera búsettur hér á landi hefur með höndum framkvæmdastjórni sparisjóðsins og bera ábyrgð á daglegum rekstri hans. Sparisjóðsstjóri fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum sparisjóðsins sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum nr. 161/2002 og samþykktum þessum.

Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustjórnun sparisjóðsins

Stjórn ræður innri endurskoðendur sjóðsins. FME hefur veitt heimild til undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar sjóðsins. Samningur um innri endurskoðun er í gildi milli sparisjóðsins og PriceWaterhouseCoopers ehf.

Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt. Dagleg áhættustjórnun sparisjóðsins er á hendi starfsfólks og ber sparisjóðsstjóri ábyrgð gangvart stjórn á þeirri vinnu. Sparisjóðsstjóri og skrifstofustjóri gefa reglulegar skýrslur til stjórnar og eftirlits- og áhættunefndar um áhættur og þróun þeirra. Nánar er vísað til skýringa ársreiknings um fyrirkomulag innra eftirlits og áhættustýringu hjá sjóðnum.

Fyrirkomulag samskipta við hagaðila

Sparisjóðurinn birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu sjóðsins og sendir út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfseminni. Á aðalfundi sparisjóðsins er farið ítarlega yfir starfsemi sjóðsins.

Yfirlýsing stjórnar sjóðsins

Sparisjóðurinn hefur ekki brotið nein lög eða reglur sem viðeigandi eftirlits- og eða útskurðaraðili hefur ákvarðað.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var samþykkt af stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 3. júlí 2024